

**Skólaleikrit**

# **MATADORKÓNGURINN**

**Hentar börnum á aldrinum 8 til 14 ára**

**Þórunn Pálsdóttir  
1991**



NÁMSGAGNASTOFNUN  
2010

# MATADORKÓNGURINN

## Persónur:

RÓBERT – (pabbinn)

LOVÍSA – (mamman)

GUNNA – (dóttir)

DÍSA – (dóttir)

RÓSA – (dóttir)

SENDIMAÐUR FÓGETA

FÓGETI

BANKASTÝRA

GÚSTA RÍKA

FÍNA FRÚIN

JÓN – (maður fínu frúarinnar)

# Leiktjöld og búnaður:

## 1. svið – Heima hjá fjölskyldunni.

Borðstofan. Eitt borð og fimm stólar við. Hægt er að bæta öðru við eftir efnum og aðstæðum.

## 2. svið – Hjá bankastjóranum.

Skrifborð. Skrifborðsstóll. Stóll fyrir viðskiptavin. Annað eftir smekk.

## 3. svið – Hjá Gústu ríku.

Sömu húsgögn og hjá bankastjóra. Breyta því sem er á vegg og á borði.

## 4. svið – Hjá fógeta.

Sama og á 3. sviði. Fyrir svið 2, 3 og 4 má hafa þrjár mismunandi myndir á veggnum og eitthvað öðruvísi á skrifborðinu.

## 5. svið – Úti á götu.

Þetta svið ætti helst að vera á palli fyrir framan aðalsviðið.

## Búningar:

– Fjölskyldan er í venjulegum hversdagsfötum. Á meðan ljósabreytingarnar eru, sem sýna að Róbert fer að dreyma, þarf finn svartur hattur og finn jakki að vera falinn undir borðinu, eða annars staðar, svo Róbert geti snögglega breytt sér og sest við borðið.

Stýran er mjög fín, fógetinn í dragt og Gústa er í kerlingarlegum kjól. Fína frúin er í mjög finni kápu, með eyrnalokka og annað skart og Jón í jakkafötum og með hatt.

# 1. þáttur

*Heima hjá fjölskyldunni.*

*(Róbert, Lovísa og dæturnar Gunna, Rósa og Dís sitja við borð og eru að spila matador.)*

RÓBERT:

Ha ha, þú lendir á hóteli hjá mér. Þetta verður dýrt. *(Við Gunnu):* Borgaðu nú; he he!

GUNNA:

Rólegur pabbi, við erum nú bara að spila matador.

RÓSA:

Þú gengst allt of mikið upp í þessu.

RÓBERT:

Nú, hvað annað? Ég spila til þess að vinna.

DÍSA:

Nú er ég líka gjaldþrota.

GUNNA:

Velkomin í hópinn. Nú eru bara pabbi og mamma eftir.

RÓBERT

*(glaðhlakkalega):* Ho, ho. Þar fékkstu tólf.

LOVÍSA:

Ó, nei! Ég lendi á Austurstræti.

RÓBERT

*(þýtur upp úr sætinu og hrópar):* Jíbbí, Jíbbí! Ég á það líka, og með hóteli. *(Við Lovísu):* Það verða 34 milljónir, gjörðu svo vel að borga. *(Réttir hróðugur fram höndina.)*

LOVÍSA:

Ég ... öh, á ekki svo mikla peninga. *(Réttir fram tvo miða.)* Þú mátt fá Sjóvá og Hitaveituna í staðinn.

RÓBERT:

Iss. Annaðhvort seðla eða ekkert.

LOVÍSA:

En góði Róbert, gefðu mér þá smágjaldfrest. Sýndu nú höfðingskap einu sinni.

RÓBERT:

Reglurnar segja ekkert til um höfðingskap.

LOVÍSA

*(alveg miður sín):* Jæja þá. Ég er gjaldþrota.

RÓBERT

*(ákaflega fagnandi):* Jibbí! Ég vann, ég vann! *(Dansar um og hoppar af kæti.)* Tralla la. Ég er konungur matadorsins.

LOVÍSA

*(reið):* Að sjá hann. Hann ætti að skammast sín. Hann er jafnvel verri en Gústa ríka.

*(Í sjálfumglöðum fagnaðarlátunum rennur Róbert til og fellur niður með látum.)*

LOVÍSA

*(fer til Róberts):* Guð minn góður, hann er rotaður.

GUÐRÚN

*(hristir Róbert):* Segðu eitthvað, pabbi.

## 2. þáttur

(Öll ljós út. Ljósabreytingar gefa til kynna að Róbert sé að dreyma. Stúlkurnar setjast við borðið aftur. Róbert nælir í jakka og hatt og sest. Það er bankað harkalega á dyr. Ljós aftur upp.)

RÓBERT:

Það er einhver að banka. Ekki svindla á meðan ég fer frá. (Fer til dyra. Sendimaður fógeta kemur inn.)

SENDIMAÐUR FÓGETA:

Hér er fógetaúrskurður, sem ég á að afhenda þér. Þú hefur ekki borgað af húsinu. Ef þú borgar ekki eina milljón fyrir föstudag, þá ...

RÓBERT:

Ó nei! (Hrifsar skjalið af sendimanni og les bréfið.) Þetta hljóta að vera einhver mistök.

LOVÍSA

(snúðug): Hverju skiptir ein milljón fyrir matadorkóng? (Með reigingi við Róbert): Af hverju gefurðu honum ekki bara Bankastrætið? (Strunsar út.)

SENDIMAÐUR:

Engin mistök hér. Ein milljón fyrir föstudag. Annars er það nauðungaruppboð. (Fer.)

RÓBERT:

Já, já. Ég skal útvega þessa peninga. (Hringir, segir í símann): Halló, (smeðjulega): Gústa mín, vinur í raun, gætirðu lánað mér eina milljón?

GÚSTA

(talar í síma á öðrum stað): Nei. Ég stunda viðskipti. Ég lána ekki þessum og hinum.

RÓBERT:

En ég hef engin önnur ráð, og ...

GÚSTA:

Vitleysa. Ef þú þarft endilega á peningum að halda, farðu þá í bankann og fáðu þá lánaða.

RÓBERT:

Í bankann?! Já en, Gústa frænka ...

(Gústa hnussar og skellir á.)

RÓBERT

(hrópar í símann): Gústa, Gústa frænka (setur tólið á, er reiður.) Hún er sko enginn vinur í raun. Gústa grútarhaus.

GUNNA:

Verðum við systurnar þá heimilislausar?

RÓBERT:

Ætli ég verði ekki að fara að ráðum hennar og tala við bankastjórann.

### 3. þáttur

*Hjá bankastjóranum.*

*(Bankastýran situr á stól við borð og pússar á sér neglurnar. Hún er fin með sig og í nýttísku fötum. Róbert læðist inn, stendur og bíður. Hún tekur ekki eftir honum fyrir en hann ræskir sig.)*

STÝRA

*(bendir honum með yfirlæti að fá sér sæti. Hann sest):* Hvað vill maðurinn?

RÓBERT:

Hm, Hm. Ég þarf að fá lán.

STÝRA

*(frekjulega):* Hvað viltu fá mikið lán? Fljótur, ég hef mikið að gera.

RÓBERT:

Hvernig dirfistu að tala við mig í þessum tón? Veistu ekki að þú ert að tala við einn athafnamesta athafnamann borgarinnar. *(Hvæsir framan í hana):* Bara nú í morgun keypti ég hótél í Austurstræti, Sjóvá og Flugleiðir og ...

STÝRA

*(smeðjuleg og óttaslegin):* Fyrirgefðu. Ég vissi ekki ...

RÓBERT:

... og fyrir kvöldið verð ég kannski búinn að kaupa bankann.

STÝRA

*(afsakandi):* Ég biðst innilega afsökunar. *(Blíðlega):* Hvað get ég gert fyrir þig?

RÓBERT:

Ég þarf að fá eina milljón lánaða.

STÝRA:

Almáttugur, smáaurar, bara smáaurar. *(Fer í skúffu á skrifborðinu og tekur bunka af matadorseðlum upp og réttir honum.)*

RÓBERT

*(starir á seðlana):* Þetta eru platpeningar. Er það nú móðgun! Ég þarf alvöru peninga, heyrirðu það? *(Öskrar):* Alvöru peninga! Fógetinn vill enga matadorpeninga.

STÝRA

*(snúðug):* Svona peninga lána ég. Ef þú ert ekki ánægður með þá, skaltu barasta fara eitthvað annað. Vertu blessaður. *(Hún krossleggur fæturna og fer að snyrta sig aftur.)*

*(Róbert tekur um höfuðið, tjöldin dregin fyrir.)*



*Hjá Gústu ríku.*

*(Gústa situr á stól við borð og telur peninga og reiknar á vél með mikilli ákefð. Hún er karlmannleg kona í dragt. Róbert bankar. Gústa reynir að fela peningana í flýti og stendur upp tilbúin að taka á móti gesti.)*

GÚSTA:  
Kom inn.

RÓBERT

*(opnar faðminn):* Elsku hjartans frænka mín, en gaman að sjá þig. *(Gústa beygir sig eftir seðli, sem hefur dottið á gólfíð og Róbert dettur um koll, hann gripur um hné hennar.)* Elsku frænka, bjargaðu mér. Ég er að missa húsið mitt. Ég er stóreignamaður. Ég á stærstu fyrirtækin í bænum. Þú hlýtur að geta lánað mér eina milljón.

GÚSTA

*(dustar af sér ósýnilegt ryk, hristir Róbert af sér og strunsar að borðinu, sest við það og fer að reikna á reiknivélina):* Hvað leggurðu að veði?

RÓBERT:

Viltu Flugleiðir? Þú getur fengið allt Austurstrætið líka.

GÚSTA

*(heldur áfram að reikna):* Jæja, ég hef alla tíð talið þig vera ónytjung og óttalega rolu. Ég ætla þó að aumkva mig yfir þig, ræfillinn, og lána þér þessa milljón. *(Hún réttir honum matadorpeninga.)*

RÓBERT:

Ó, nei! Ó, nei! Hvað er að öllum? Þetta eru ekki alvöru peningar. Elsku frænka lánaðu mér alvöru peninga. Gjaldgenga, þú veist, sem hægt er að kaupa fyrir, ha?

GÚSTA

*(byrst):* Heyrðu mig nú, Róbert Ágúst Kjartansson! Nú er nóg komið af yfirgangi og frekju. Ef þessir peningar eru ekki nógu góðir fyrir matadorkónginn, skaltu bara hypja þig. Burt, burt.

*(Tjaldið er dregið fyrir og Róbert kemur fram fyrir örvæntingarfullur.)*

RÓBERT

Hvað get ég gert? Hvað get ég gert? Nú veit ég, ég fer til fógetans og fæ frest.

## 4. þáttur

*Hjá fógeta.*

*(Fógetinn er kona með stór gleraugu, hárið er úfið og blýantur bak við eyrað. Hún er á kafi í pappírurum og skjölum. Hún blaðar í þessu fram og til baka og botnar ekkert í því. Það er bankað. Síðan kemur Róbert inn.)*

RÓBERT:

Góðan daginn, frú fógeti.

FÓGETINN

*(stendur upp með blýant í hendi, gengur um):* Hvað er þér á höndum kæri vinur?

RÓBERT:

Góði fógeti, ég er stóreignamaður og ég er að missa húsið mitt. Gætirðu gefið mér smágjaldfrest?

FÓGETI:

Gjaldfrest, sjáum nú til. *(Blaðar í bunkanum):* Hvar finn ég reglur um gjaldfrest? *(Flettir blöðum):* Já, sjáum nú til, jú, hér finn ég það. *(Tekur blað og les.)* Nei, vinur minn, því miður er ekki hægt að fá gjaldfrest.

RÓBERT:

*(í örvæntingu):* Sýndu mér nú höfðingsskap.

FÓGETI

*(hlær hrossahlátri, rótar í skúffunni og leitar að blaði með reglum á):* Ha, ha, ha, höfðingskap. Nei góði, það stendur ekkert um höfðingskap í reglunum.

*(Róbert labbar út mjög niðurdreginn, tjöldin eru dregin fyrir og hann fer fram fyrir tjöldin,)*

## 5. þáttur

Úti á götu.

RÓBERT

*(fórnar höndum í örvæntingu):* Guð minn góður, hvað á ég að gera? *(Fær hugmynd.)* Nú veit ég. Ég dulbý mig sem bankastýru og fer til fógetans aftur.

*(Róbert fer baksviðs og skiptir um föt. Hann þarf að flýta sér. Á meðan skal spila músík eða gera eitthvað til að stytta tímann fyrir áhorfendur.)*

## 6. þáttur

*Hjá fógeta.*

*(Róbert gengur kvenlega inn í háhæluðum skóm og fínum fötum með hárkollu.)*

RÓBERT

*(með kvenlegri röddu):* Góðan daginn.

FÓGETINN

*(lítur upp úr pappírum):* Góðan daginn.

RÓBERT:

Kom ekki hingað áðan indæll karlmaður?

FÓGETINN:

Karlmaður, það koma hingað margir karlmenn.

RÓBERT:

Jú, sjáðu til, hann er frekar hávaxinn, nokkuð vel vaxinn, dökkhærður, frekar brúnn og æðislegur kroppur. *(Leikari breytir lýsingunni eftir hans útliti en ýkir lýsinguna.)*

FÓGETINN

*(flettir í pappírum):* Brúnn, hávaxinn, æðislegur kroppur. *(Leitar, lítur upp.)* Nei það kom enginn svoleiðis gripur í dag.

RÓBERT:

Ertu alveg viss? *(Beygir sig yfir skrifborð fógeta til að gá betur, en missir þá af sér hárkolluna. Fógetinn sér ekki til hans því hún er upptekin við að fletta í pappírnum. Róbert setur hárkolluna upp í skyndi, en setur hana óvart öfugt á kollinn.)*

FÓGETINN

*(lítur upp):* Hvað kom fyrir hárið á þér?

RÓBERT:

Ha, hárið? *(Þreifar á kollunni og finnur að hún snýr vitlaust.)*  
Þetta ... öh ... er ... öh, nýjasta tíska.

FÓGETINN

*(Rífur af honum hárkolluna):* Þetta ert þú, grautarhausinn þinn og lygalaupur.

*(Róbert hleypur út og hún öskrar á eftir honum.)*

FÓGETINN:

Þú færð engan gjaldfrest, þú þarft að borga þetta fyrir klukkan sex í kvöld.

## 7. þáttur

Úti á götu.

*(Fín frú kemur fram og er að tala við manninn sinn. Róbert kemur fram fyrir tjöldin líka en er í svolítilli fjarlægð frá parinu.)*

RÓBERT

*(til áhorfenda):* Hvað get ég gert, hvað get ég gert? Þessi tilraun mistókst og fyrir utan það þarf ég líka að borga skuldina fyrir klukkan sex í kvöld.

FÍNA FRÚIN

*(við manninn sinn):* Já, en Jón minn. Ég verð að fá þessa hálsfesti, ég verð!

JÓN:

Thelma mín. Svona hálsfesti hlýtur að vera rándýr.

FÍNA FRÚIN:

Elskan mín, hún kostar bara eina milljón.

JÓN:

Ég skal gera hvað sem þú vilt. Bara ef það gerir þig ánægða. *(Réttir henni peninga.)*

FÍNA FRÚIN

*(kysir Jón á kinnina):* Elsku Jón minn, þú ert svo rómantískur.

JÓN:

Á ég ekki að keyra þig að þessari skartgripaverslun?

FÍNA FRÚIN:

Nei, nei, elskan, þú þarft þess ekki. Ég geng bara, það er svo gott veður.

JÓN:

Ég kem heim klukkan hálf sex, elskan mín, við sjáumst þá. *(Hann kysir á hönd hennar.)*

FÍNA FRÚIN:

*(veifar hvítum vasaklút í kveðjuskyni):* Bless elskan.

RÓBERT:

Aha, nú gefst tækifærið. *(Hann hleypur að frúnni, hrifsar töskuna af henni og hleypur út.)*

FÍNA FRÚIN

*(Öskrar):* Taskan mín! Þjófur! Grípið þjófinn. Lögregla, lögregla. *(Hleypur út öskrandi.)*

*(Ljósín slökkt, kveikt aftur og Róbert stendur móður og mäsandi fyrir framan tjöldin.)*

RÓBERT

*(skoðar í budduna):* Váá! Ein milljón. Nú get ég borgað af húsinu.

## 8. þáttur

Hjá fógeta.

*(Fógetinn situr við skrifborð sitt og blaðar í öllum pappírnum á borðinu. Róbert kemur inn.)*

FÓGETINN:

Jæja, herra Róbert Ágúst Kjartansson. Það er eins gott að þú getir borgað lánið núna.

RÓBERT

*(hróðugur):* Já, ég get það reyndar núna. *(Hann skellir peningunum á borðið.)*  
Gjörðu svo vel.

FÓGETINN

*(tekur við peningunum):* Heyrðu mig nú, herra Róbert. Ég tek ekki við svona platpeningum.

RÓBERT

*(undrandi):* Já en, já en, þetta eru engir platpeningar, þetta eru alvöru peningar.

FÓGETINN:

Herra minn, ég tek bara við svona peningum. *(Sýnir honum bunka af matadorpeningum.)*

RÓBERT

*(grátklökkur):* Æ nei. Hvað get ég gert, ég missi húsið mitt. Gefðu mér gjaldfrest, gerðu það elsku fógeti!

FÓGETINN.

Þú færð engan gjaldfrest hjá mér. Út með þig, vælukjóiinn þinn.

*(Tjaldið dregið fyrir. Stuttu seinna kemur Róbert fram fyrir tjaldið.)*

RÓBERT

*(úfínn, mjög illa haldinn):* Ég er gjaldþrota.

*(Fína frúin kemur inn. Hún kemur auga á Róbert, hleypur að honum, reiðir upp regnhlífina og lemur hann í hausinn.)*

FÍNA FRÚIN:

Hafðu þetta. *(Lemur hann aftur.)* Og þetta, þrjúturinn þinn.

*(Róbert var staddur þar sem tjaldið opnast. Hann hnígur inn á senuna, þá slokkna ljósin, þau blikka og alls konar ljósabreytingar eiga sér stað. Á meðan fer Róbert úr jakkanum og hendir hattinum.)*

## 9. þáttur

*Heima hjá fjölskyldunni.*

*(Róbert liggur á gólfinu. Lovísa, Gunna, Rósa og Dís stumra yfir honum).*

LOVÍSA:

Róbert minn, Róbert minn, vaknaðu.

DÍSA:

Pabbi, pabbi, vaknaðu.

RÓBERT

*(vaknar upp með andfælum og hrópar):* Peninga fyrir húsinu, peninga fyrir húsinu!

RÓSA:

Hvað meinarðu, pabbi?

RÓBERT

*(rís upp með látum):* Húsið mitt, húsið mitt.

LOVÍSA

*(blíðlega):* Róbert minn, þetta er allt í lagi. Þig hefur bara verið að dreyma.

RÓBERT:

Hvað gerðist?

LOVÍSA:

Þú varst svo ánægður með að vinna okkur að þú stökkst upp úr stólnum, hoppaðir af kæti og í öllum látunum hrasaðir þú og rotaðist.

RÓBERT:

Ja hérna. Já, þetta var voðaleg martröð. Mikið er ég feginn að vera raknaður úr rotinu.

*(stendur upp):* Komiði nú, mig langar að spila matador.

DÍSA:

Mig langar ekkert að spila matador með þér. Þú verður svo æstur.

GUNNA:

Segi það sama.

RÓSA:

Svona stelpur. Spilum eitt spil við hann.

DÍSA:

Allt í lagi. Komdu Gunna, verum með.

*(Fjölskyldan sest öll saman við borðið og byrjar að spila.)*

LOVÍSA:

Ég fékk tólf. Einn, tveir, þrír. Ó nei! Ég lendi á Austurstræti og Róbert á það og með hóteli. Ég get ekki borgað þér. Ég er víst gjaldþrota.

RÓBERT:

Nei, nei Lovísa mín. Þú fékkst ekki tólf, heldur þrettán. *(Færir kubbinn um einn reit.)*

RÓSA, DÍSA OG GUNNA:

Ha, þrettán?

RÓSA:

Það er ekki hægt á bara tveim teningum.

RÓBERT

*(glæðlega)*: Jú það er hægt í þessu spili. Ef maður sýnir höfðingsskap.

TJALDIÐ